



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótshrepps í Végarði 27. ágúst 2021 kl. 16:30.

Fundarmenn: Eiríkur J. Kjerúlf formaður, Hörður Guðmundsson, Jón Þór Þorvarðarson og Sveinn Þórarinnsson, byggingarfulltrúi.

1. Óbyggðasafnið á Egilsstöðum.

Steingrímur Karlsson hefur sent til kynningar fyrstu hugmyndir af 14 herbergja gistihúsi á lóð Óbyggðasafnsins. Endanlegir uppdrættir eru í vinnslu og verða lagðir fyrir nefndina fljótlega. Stefnt er að því taka gistiheimilið í notkun fyrir vertíðina næsta sumar. Lóðin hefur ekki verið deiliskipulögð, því verður að fara með málið skv. leiðbeiningarblaði 8b. „*Grenndarkynning þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir*“. Byggingar- og skipulagsnefnd beinir því til Steingríms að hann láti deiliskipuleggja lóðina. Einnig þarf að gera viðeigandi breytingu á aðalskipulagi þ.e. að afskrá lóðina sem svæði til landbúnaðar og skrá hana sem verslunar- og þjónustulóð. Steingrími er bent á að fá umsögn Minjavarða Austurlands á fyrirhuguðum framkvæmdum.

2. Bréf frá Minjaverði Austurlands.

Farið yfir bréf frá Minjaverði Austurlands dags. 14.07. Í bréfinu eru tilgreind 6 mál sem hann telur að hefðu átt að koma til umsagnar hjá embætti Minjavarðar. Farið yfir lög nr. 80/2012 og reglugerð nr. 620/2019. Sérstaklega staldrað við eftirfarandi atriði:

1. gr. Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

3.gr. Fornminjar.

Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó.

16.gr. Skráning vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi... Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna.

5. gr. í reglugerð nr. 620/2019. Skráning vegna leyfa til framkvæmda.

Óheimilt er að veita byggingar- eða framkvæmdaleyfi án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Áður en sveitarstjórn samþykkir framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi skal hún ganga úr skugga um að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja hafi farið fram á vettvangi skv. lögum um menningarminjar, sbr. 4. gr. reglna þessara.

Mjög yfirgripsmikil samantekt er til um „*Mannvistarminjar í Fljótsdal*“ svo og „*Fljótsdæla*“ sem er rúmlega 500 síðna bók um mannlíf og náttúrufar í Fljótsdalshreppi í A4 broti. Bæði ritin eftir Helga Hallgrímsson. Í Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 er sérstakur kafli um Minjaverndarsvæði. Við afgreiðslu og athugun á verkefnum, þar með talið hugsanlegar minjar er stuðst við þessi gögn. Byggingar- og skipulagsnefnd verður að viðurkenna að nefndin áttar sig ekki fyllilega á hversu víðtæk 5. gr. í rgl. 620/2019 er og að hve miklu leyti greinin hefur trausta lagastoð í lögum um menningarminjar. Það er skilningur



nefndarmanna að önnur málsgrein 16. gr. laganna sem er undirstrikuð hér að ofan eigi við framkvæmdir í kjölfar deiliskipulagningar en ekki allar hugsanlegar framkvæmdir. Á jörðum sem nýttar eru til landbúnaðar bera ábúendur sjálfir ábyrgð á hvernig þeir skipuleggja og standa að framkvæmdum sem tengdar eru rekstrinum innan þess ramma sem aðalskipulagið veitir. Almennt er afstöðumynd talinn fullnægjandi og ekki krafist deiliskipulagsgerðar nema í sérstökum tilvikum. Ef leita þarf eftir afstöðu Minjavarðar í öllum tilvikum, (þó svo að engar líkur séu á að menningarminjar finnist á byggingarstað) þegar byggingarleyfi eru til afgreiðslu á bújörðum verður ábúandi sjálfur að leita eftir henni og greiða kostnað sem af því hlýst.

3. Arnheiðarstaðir. Skemmubygging.

Eiríkur vék af fundi. Lagðir fram uppdrættir af stálgrindaskemmu á Arnheiðarstöðum og sótt um byggingarleyfi fyrir hana. Brúttó flatarmál 108.5 m² og brúttó rúmmál 469,7 m³. Ekki er vitað um neinar mannvistarleifar á því svæði þar sem skemman á að rísa. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita byggingarleyfið með fyrirvara um umsögn Minjavarðar. Ábúandi hafi sjálfur samband við Minjavörð sbr. lið 2 í fundargerðinni.

4. Göngubrú yfir Blöndu við Geldingafellsskála.

Lagðir fram uppdrættir af göngubrú yfir Blöndu vestan við Geldingafellsskála. Erindið kemur frá starfsmanni Vatnajökulsþjóðgarðar. Brúin er 30 m löng hengibrú breidd brúargólfs 0,8 m. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita byggingarleyfi fyrir brúnni.

5. Kleif. Niðurrif á íbúðarhúsi.

Ríkiseignir óska eftir leyfi til niðurrifs á íbúðarhúsinu á Kleif. Húsið er byggt 1940 og hefur enginn búið í því síðustu áratugi og er ástand þess mjög bágborið og fokhætta stafar af því. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita leyfi til niðurrifs á húsinu. Byggingarefni hússins sé flokkað og komið í viðeigandi eyðingu eftir efnisflokkum. Ríkiseigir hafi samband við Minjavörð Austurlands og Heilbrigðiseftirlits Austurlands áður en til niðurrifs kemur.

6. Önnur mál.

Óformlegar umræður fóru fram um endurbyggingu á starfsmannahúsi við Laugarfellsskála sem Hörður annast nú fyrir hönd Sjóvár tryggingarfélags. Einnig var rætt um gögn sem til eru um minjaskráningu innan sveitarfélagsins. Endurbætur og endurhleðsla grjóttveggja hesthússins í Fjallaskarði einnig rædd. Byggingarfulltrúa falið að ganga eftir endanlegum uppdráttum af viðbyggingu við íbúðarhúsið á Droplaugarstöðum sbr. fundargerð frá 19. júní 2020.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18:00
Sign. Eiríkur J. Kjerúlf, Hörður Guðmundsson,
Jón Þór Þorvarðarson.
Fundarritari:Sveinn Þórarinsson.